

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 25 000.00 — tuttugu og fimm þúsund krónur. —

Sjóðurinn skal ávaxtast í útibúi Búnaðarbankans á Sauðárkróki, og banka-
bókin geymd þar. Verði útibúið lagt niður, skal sjóðurinn ávaxtast í annarri tryggri
bankastofnun á Sauðárkróki.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, og leggjast vextir við höfuðstól þar til
hann tekur til starfa á eitt hundrað ára afmælisdegi Guðrúnar 1971.

4. gr.

Vöxtum af sjóðnum skal varið til styrktar efnalitlum sjúklingum í Lýtings-
staðahreppi, sem orðið hafa fyrir slysi eða sjúkdómi, og verða fyrir miklum óend-
urkræfum útgjöldum vegna sjúkrahúsvalar og þurfa að fá sjúkraflugvél til flutn-
ings í sjúkrahús til læknaaðgerða.

Komi til þess að keypt verði eða starfrækt sjúkraflugvél fyrir Skagafjarðar-
sýslu, er sjóðstjórn einnig heimilt að verja vöxtum upp í framlag Lýtingsstaða-
hrepps til kaupa eða reksturs slíkrar flugvélar.

Komi ár, sem ekki þarf að úthluta úr sjóðnum, leggjast vextir við höfustól.

5. gr.

Stjórnendur sjóðsins skulu vera: sýslumaður Skagafjarðarsýslu eða samsvar-
andi embættismaður, verði sýslumannsembætti lagt niður, oddviti eða sveitarstjóri
Lýtingsstaðahrepps og óðalsbóndinn á Tunguhálsi.

Stjórn sjóðsins heldur gerðabók og skal í hana rituð skipulagsskrá þessi, árs-
reikningar sjóðsins og fundargerðir stjórnenda.

6. gr.

Reikningar sjóðsins skulu gerðir árlega í lok hvers árs og skulu þeir endur-
skoðaðir af endurskoðendum sýslureikninga.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún birt í
B. deild Stjórnartíðinda.

Akureyri, 8. júlí 1969.

S. Stefánsson (frá Tunguhálsi).

REGLUGERÐ**fyrir Heilsuverndarstöð Kópavogs.****1. gr.**

Hlutverk Heilsuverndarstöðvar Kópavogs er fyrst um sinn heilsugæzla í eftir-
töldum greinum:

1. Mæðravernd.
2. Ungbarnavernd (0—2 ára barna) og smábarnavernd (2—7 ára barna).
3. Skólaeftirlit (heilsuvernd barna og unglinga á skólaaldri).
4. Tannvernd í skólum.
5. Íþróttæftirlit (heilsuvernd íþróttaiðkenda).
6. Atvinnusjúkdómavarnir.

7. Áfengisvarnir.
8. Geðvernd.
9. Almennar sjúkdómavarnir (í samráði við héraðslækni og aðra embættismenn skv. lögum).

2. gr.

Stjórn Heilsværndarstöðvar skipuleggur frekari starfsemi stöðvarinnar og ákveður framkvæmdir á sérhverjum lið 1. gr. eftir ástæðum og í samráði við stjórn bæjarins.

3. gr.

Stjórn Heilsværndarstöðvarinnar er skipuð 5 mönnum. Bæjarstjórn kýs formann stjórnarinnar og 2 meðstjórnendur, 1 er tilefndur af heilbrigðismálaráðuneytinu og 1 af Sjúkrasamlagi Kópavogs. Kjörtímabil stjórnarinnar er hið sama og bæjarstjórnar. Stjórnin annast rekstur Heilsværndarstöðvarinnar í umboði bæjarstjórnar Kópavogsskaupstaðar og skulu fundargerðir stjórnarinnar lagðar fyrir bæjarráð og bæjarstjórn til staðfestingar.

4. gr.

Ráða má yfirhjúkrunarkonu að stöðinni, sem stjórn daglegum rekstri, enda vinni hún auk þess dagleg störf við ákveðna deild eða deildir stöðvarinnar. Æskilegt er, að hún væri lærð heilsværndarhjúkrunarkona.

5. gr.

Heilsværndarstöðin skal hafa aðskilið reikningsbókhald. Um skiptingu kostnaðar og annað, sem við kemur rekstri Heilsværndarstöðvarinnar, fer eftir lögum um heilsværnd nr. 44/1955.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 3. gr. heilsværndarlaga nr. 44/1955, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytið, 29. janúar 1970.

Eggert G. Þorsteinsson.

Jón Thors.

S A M Þ Y K K T

**um forkaupsrétt Siglufjarðarkaupstaðar á lóðum og fasteignum,
sem að sjó liggja í Siglufirði.**

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum og fleiru, samþykkti bæjarráð eftirfarandi:

Siglufjarðarkaupstað er áskilinn forkaupsréttur á öllum útgerðarstöðvum með lóðarréttindum, frá og með Hvanneyrarbakka að norðan og suður að lóðum Hafnar-sjóðs Siglufjarðar í Innri-höfn, en það eru eftirtaldar útgerðarstöðvar og lóðarréttindi:

Hvanneyrarbakki, eign Vigfúsar Friðjónssonar.

Hvanneyrarkrókur III, eign Skeljungs h.f.

Ránargata 2, Kambsreitir, eign Óluverzlunar Íslands h.f.

Lóðir, bryggjur og mannvirki Sildarverksmiðja ríkisins, austan Vetrarbrautar.

Hraðfrystihús og lóðarréttindi h.f. Himnir (Þormóðsreitir).